

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu nr. 4 14. janúar 1949 með áorðnum breytingum.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

22. maí 1965.

Nr. 113.

S A M Þ Y K K T

um stjórn bæjarmálefna í Keflavíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Keflavíkur er nú skipuð 7 mönnum, en skal eftir bæjarstjórnarkosningar vorið 1966 skipuð 9 mönnum, kjörnum samkv. lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Keflavíkur er almennt fyrirvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, ráðið til lykta án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur skal þar sýna, hvernig áætl-aðar tekjur skiptast.
2. Bæjarstjórn á að hafa umsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því, sem ástæða þykir til.

- C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því, sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og semur um laun þeirra.
- D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um stjórn tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í febrúarmánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Er þrir eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Með sama hætti skal kjósa varaforseta. — Aldursforseti gegnir forsetastörfum, unz kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastöðunni, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Hann sér um, að allt fari reglulega og skipulega fram og eru bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skyldir að hlýða úrskurði hans um allt, er varðar fundarsköp, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn bæjarstjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

5. gr.

Á sama fundi, sem forsetakosning fer fram, kýs bæjarstjórn tvo skrifara og tvo til vara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn. Skrifara skal kjósa hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar. Í gerðabók skal geta, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skal forseti og aðrir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Fulltrúar eiga rétt á, að bókaðar verði athugasemdir þeirra í gerðabók ef þeim þykir eitthvað rangt bókað eða ónákvæmt svo og stuttlega um ágreiningsatkvæði sín.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar kl. 17.00, ef mál eru fyrir hendi, og stendur fundur svo lengi, sem þörf gerist, en

þó eigi lengur en til miðnættis, nema meiri hluti bæjarfulltrúa samþykki. Þegar boðaður fundartími er kominn og meiri hluti fulltrúa mættur, skal forseti setja fund.

Heimilt er bæjarstjórn að fella niður fundi í júlí og ágúst. Ef fundur ferst fyrir vegna helgi eða af öðrum orsökum, skal halda hann einhvern næsta virkan dag ef þörf krefur.

Aukafundi skal halda, þegar bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar eða þrír bæjarfulltrúar óska þess.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórans, skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé tekið á dagskrá.
3. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um að lögum.

Sá, sem óskað að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra eigi síðar en tveim dögum fyrir fund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 18.00, daginn fyrir fund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta orðið til upplýsinga um málefni á dagskrá, eftir því, sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 7. gr., skal að jafnaði boða til hans með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 stunda fyrirvara.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, ef brýna nauðsyn ber til, enda samþykki meiri hluti bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með minnst 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum. Einnig getur bæjarfulltrúi krafizt þess, að mál verði rædd fyrir luktum dyrum, og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust með meiri hluta atkvæða, hvort mál skuli rædd opinberlega eða fyrir luktum dyrum.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema helmingur bæjarfulltrúa sé á fundi og greiði atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðauka-

tillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til að semja þær, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Um kosningu bæjarstjóra og í stöður þær, sem bæjarstjórn veitir, fer sem um kosningu forseta bæjarstjórnar.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, bæjarráðs eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr um hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál með einni umræðu, nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og liða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er forseta að víkja frá þessu, ef um er ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðréttu ummæli um hann sjálfan, svo og til þess, að ræður skiptist jafnt með og móti málefni.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Ræðumaður skal standa við sæti sitt, meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

14. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Þó er bæjarfulltrúa heimilt að taka oftari til máls til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæzlu fundarskapa.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann hafa hana skriflega og afhenda hana með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

Ræðumaður skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Eigi má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er gæzlu góðrar reglu varðar.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn briggzlyrðum, eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann fyrir það og nefna þau ummæli, er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, má forseti svipta hann málfrelsi á þeim fundi. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki, eða ef almenn ókyrrð kemur upp á fundi, skal forseti fresta fundi um stundarsakir eða slíta fundi alveg, ef honum þykir nauðsyn til bera.

15. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust, 2 bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

16. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúar rétta upp aðra hönd sína. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð, og skal hlutkesti ráða hverju sinni á hverjum skal byrja. Nöfnum varafulltrúa skal bætt á skrána í rétttri röð, í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti tekur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðu.

17. gr.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal senda öllum bæjarfulltrúum eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

18. gr.

Bregða má af fundarsköpum þessum eftir uppástungu forseta, bæjarstjóra eða tveggja bæjarfulltrúa, enda samþykki að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ (tveir þriðju) þeirra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru.

19. gr.

Til breytingar á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveimur bæjarstjórnarfundum, meiri hluta greiddra atkvæða og staðfestingu ráðherra.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmat förföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn, hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI

Um bæjarráð.

25. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, unz nýtt bæjarráð hefur verið kosið.

Bæjarráð kys sér formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fund að jafnaði fjórum sinnum í mánuði. Heimilt er þó að fella niður annan hvern fund í júlí- og ágúst mánuðum. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða tveir bæjarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda og sér um, að hún verði send bæjarráðsmönnum eigi síðar en um hádegi þann dag, sem fundur er haldinn. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrslausnar bæjarráðs.

Bæjarráð ræður fundirritara utan bæjarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

26. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Keflavíkur-kaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum.

Ekki getur bæjarráð þó tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar, að bæjarstjórn taki fullnaðarákvörðun um það.

27. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárreiðum bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

28. gr.

Skýlt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað af bæjarstjóra eða bæjarráði.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

29. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er, eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

30. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skýlt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

31. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

32. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 3. mgr. 26. gr.

33. gr.

Útgjöld sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

34. gr.

Í forföllum bæjarstjóra gegnir bæjarritari störfum hans nema þau sé sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

35. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum D-liðs 3. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

VII. KAFLI

Um kosningar, skipun og starfssvið nefnda.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn auk þeirra, sem áður getur, til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög mæla fyrir.

1. Þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð.
2. Fjóra menn í byggingarnefnd.
3. Þrjá menn í framfærslunefnd og þrjá til vara.
4. Fimm menn í framtalsnefnd.
5. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
 - A. Þrjá menn í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.
 - B. Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.
6. Kjörstjórnir við alþingiskosningar:
 - A. Þrjá menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjá til vara.
 - B. Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.
7. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Keflavíkur og fjóra til vara.
8. Fimm menn í barnaverndarnefnd.
9. Fimm menn í fræðsluráð.
10. Þrjá menn í bókasafnsstjórn.
11. Þrjá menn í heilbrigðisnefnd.
12. Tvo menn í húsaleigunefnd.
13. Fimm menn í brunamálanefnd.

37. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn samkvæmt sérstökum samþykktum sínum:

1. Þrjá menn í rafveitunefnd.
2. Þrjá menn í sérleyfisbifreiðarnefnd.
3. Þrjá menn í sundhallarnefnd.
4. Þrjá menn í elliheimilisnefnd.
5. Fimm menn í þjóðhátíðarnefnd.
6. Þrjá menn í íþróttarnefnd.
7. Þrjá menn í barnaleikvallarnefnd.
8. Fimm menn í skruðgarðs- og fegrunarnefnd.

9. Þrjá menn í jarðræktunarnefnd.
10. Þrjá menn í vatns- og holræsanefnd.
11. Fimm menn í umferðarnefnd.
12. Þrjá menn í hitaveitunefnd.

38. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þó skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

39. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstöku máli, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

40. gr.

Byggingarnefnd skipa 4 menn auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar lögum samkvæmt. Tveir hinna kjörnu nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrirætlum í lögum og samþykktum um þau mál.

41. gr.

Framfærslunefnd er skipuð 3 mönnum og 3 til vara. Hún hefur á hendi stjórn framfærslumála og um störf nefndarinnar fer að framfærslulögum. Nefndinni er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að ráða sér sérstakan starfsmann, framfærslu-fulltrúa.

42. gr.

Framtalsnefnd er skipuð fimm mönnum og er kosin og starfar samkvæmt lögum nr. 69/1962.

43. gr.

Kjörstjórnir eru kosnar og þær starfa samkvæmt fyrirætlum kosningalaga.

44. gr.

Í sjúkrasamlagsstjórn kys bæjarstjórn 4 menn og 4 til vara, en formaður er skipaður af ráðherra. Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál er sjúkrasamlagið varða, samkvæmt lögum þar um.

45. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 5 mönnum. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og vanþroska og veikra unglinga, sbr. lög um barnavernd.

46. gr.

Fræðsluráð er skipað 5 mönnum. Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með fræðslumálum bæjarins samkvæmt lögum þar um. Fræðsluráð hefur á hendi skólanefndarstörf fyrir barnaskóla og skóla gagnfræðastigs.

47. gr.

Bókasafnsstjórn skipa 5 menn og 3 kosnir af bæjarstjórn. Hún starfar samkvæmt lögum og reglugerð um almenningubókasöfn

48. gr.

Í heilbrigðisnefnd eru sjálfkjörnir bæjarfógeti, sem er formaður hennar, og héraðslæknir. Bæjarstjórn kýs 3 menn í nefndina og skal einn þeirra vera bæjarráðsmaður. Nefndin starfar samkvæmt lögum og heilbrigðissamþykkt bæjarins.

49. gr.

Húsaleigunefnd skipa þrír menn. Eru tveir kosnir af bæjarstjórn en formaður skipaður af ráðherra. Nefndin starfar samkvæmt fyrirmælum laga.

50. gr.

Brunamálanefnd skipa fimm menn. Nefndin starfar samkvæmt reglum brunamálasamþykktar.

51. gr.

Rafveitunefnd skipa þrír menn. Starfssvið er samkvæmt sérstakri reglugerð samþykktari af bæjarstjórn.

52. gr.

Sérleyfisbifreiðanefnd skipa þrír menn. Nefndin annast rekstur Sérleyfisbifreiða Keflavíkur í samráði við bæjarstjórn og bæjarráð, ef um stærri fjárhagsleg mál er að ræða. Nefndin skal hafa eftirlit með daglegum rekstri fyrirtækisins og hafa eftirlit með reikningsfærslu þess. Reikninga fyrirtækisins skal leggja fyrir bæjarstjórn svo sem aðra reikninga bæjarfyrirtækja.

53. gr.

Sundhallarnefnd skipa þrír menn. Nefndin annast rekstur Sundhallar Keflavíkur og er starfssvið hennar, eins og greint er í 52. gr.

54. gr.

Elliheimilisnefnd skipa þrír menn. Nefndin annast rekstur elliheimilisins Hlévangs og er starfssvið hennar, eins og greint er í 52. gr.

55. gr.

Þjóðhátíðarnefnd skipa fimm menn. Nefndin sér um undirbúning og framkvæmd hátíðahalda þjóðhátíðardagsins 17. júní.

56. gr.

Íþróttanefnd skipa 5 menn og 3 kosnir af bæjarstjórn. Hún fjallar um íþróttamál bæjarins og hefur á hendi umsjón og eftirlit með íþróttamannvirkjum kaupstaðarins og gerir tillögur um breytingar og aukningu á þeim.

57. gr.

Barnaleikvallarnefnd skipa þrír menn. Hún sér um og hefur eftirlit með starfsemi og rekstri barnaleikvalla og gerir tillögur um skipulag og staðsetningu, búnað og fyrirkomulag þeirra.

58. gr.

Skrúðgarðs- og fegrunarnefnd er skipuð fimm mönnum. Hún gerir tillögur um skipulag og staðsetningu skruðgarða og opinna svæða á vegum kaupstaðarins og sem ekki eru talin annars staðar, sér um framkvæmdir við ræktun þeirra og viðhald.

59. gr.

Jarðræktarnefnd er skipuð þrem mönnum. Nefndin hefur umsjón með garðlöndum bæjarins.

60. gr.

Vatns- og holræsanefnd er skipuð þrem mönnum. Nefndin fer með vatns- og holræsamál, hefur umsjón og eftirlit með rekstri vatnsveitu, sér um viðhald vatns- og holræsaakerfis og gerir tillögur um breytingar og aukningu þeirra.

61. gr.

Umferðarnefnd er skipuð fimm mönnum. Nefndin fer með umferðamál, gerir tillögur um staðsetningu og gerð umferðamerkja, takmörkun á umferð, bifreiðastæði, aðalbrautir og annað er lítur að umferðamálum.

62. gr.

Hitaveitunefnd skipa þrír menn. Nefndin fjallar um öll mál, er varða undirbúning og áætlanir um hitaveitu fyrir Keflavíkurkaupstað.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

63. gr.

Bæjarráð skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðila eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður. Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni á meðan hann rækir stöðuna. Þannig að ekki verði að fundið.

Bæjarráð skal setja starfsmönnum erindisbréf og kveða þar á um starfssvið þeirra.

Skýlt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bjararstjórn Keflavíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.